

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 428/1992.

Erna Árnadóttir**Anton Bjarnason og****Pétur Bjarnason**

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

dánarbúi Karls Harrýs Sveinssonar

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Dómkröfur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1992. Kröfugerð þeirra er svofelld:

„I. Kröfugerð, er lýtur að fjárframlögum Maríu Bjarnadóttur til gagnáfrýjanda:

I.1. Aðaláfrýjendur gera aðallega þá kröfu, að viðurkennd verði með dómi 70,92% sameiginleg eignarhlutdeild þeirra í 4-5 herbergja íbúð, merktri 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, ásamt öllu, sem íbúðinni fylgir og fylgja ber, þ. m. t. sérstæð bílgeymsla í bílskýli og tilheyrandi hlutdeild í sameign.

I.2. Aðaláfrýjendur gera til vara þá kröfu, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða þeim skuld, að fjárhæð 6.129.545,60 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. síðari breytingar frá 16. 1. '92 til greiðsludags.

I.3. Aðaláfrýjendur gera til þrautavara þá kröfu, að viðurkennd verði með dómi lægri en 70,92% sameiginleg eignarhlutdeild þeirra að mati dómsins í 4-5 herbergja íbúð, merktri 301, í fjölbýlishúsinu Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði, ásamt öllu, sem íbúðinni fylgir og fylgja ber, þ. m. t. sérstæð bílgeymsla í bílskýli og tilheyrandi hlutdeild í sameign.

II. Kröfugerð, er lýtur að bifreiðinni Ford Club Wagon sknr. KS-839.

II.1. Aðaláfrýjendur gera aðallega þá kröfu, að staðfest verði með dómi ógildi afsalsgernings, sem gerður var 11. 6. 1990, þar sem María Bjarnadóttir afsalaði gagnáfrýjanda bifreiðinni KS-839 af Ford Club Wagon-gerð, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að fá aðaláfrýjendum umráð bifreiðarinnar að viðlögðum dagsektum, 10.982 kr. pr. dag, frá 27. nóvember 1992 til afhendingardags.

II.2. Aðaláfrýjendur gera til vara þá kröfu, að kaupsamningi um bifreiðina KS-839 af Ford Club Wagon-gerð verði rift með dómi og gagnáfrýjandi dæmdur til að fá þeim umráð bifreiðarinnar að viðlögðum dagsektum, 10.892 kr. pr. dag, frá 27. nóvember 1992 til afhendingardags.

II.3. Aðaláfrýjendur gera til þrautavara þá kröfu, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 1.780.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. júní 1990 til greiðsludags.

III. Kröfugerð, er lýtur að afhendingu lausafjármuna í eigu aðaláfrýjenda, sem eru í vörslum gagnáfrýjanda.

III.1. Aðaláfrýjendur gera þá kröfu, að gagnáfrýjanda verði gert með dómi að afhenda þeim eftirtalda muni, sem eru í eigu þeirra og gagnáfrýjandi hefur í vörslum sínum:

- a. silfurhálsmen smíðað af Baldvini Björnssyni,
- b. sófa með leðuráklæði,
- c. hægindastól með leðuráklæði ásamt skemli,
- d. sófasett með rauðu plussáklæði,
- e. 6 long-drink-glös og 4 sérríglös,

að viðlögðum dagsektum, 5.000 kr. pr. dag, frá dómsuppsögu til greiðsludags.

IV. Málskostnaður.

Í öllum tilvikum gera aðaláfrýjendur þá kröfu, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu, vegna meðferðar málsins á báðum dómstigum skv. mati Hæstaréttar“.

Gagnáfrýjandi, Karl Harry Sveinsson, áfrýjaði málinu með stefnu 30. desember 1992. Hann lést 27. febrúar 1995, og hefur dánarbú hans, er sætir opinberum skiptum, tekið við aðild málsins. Af hálfu gagnáfrýjanda er aðallega krafist sýknu, en til vara staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað. Til þrautavara er þess krafist, að kröfur aðaláfrýjenda verði stórlega lækkaðar og „allir vextir

af kröfum aðaláfrýjenda, þar með taldir vextir, sem innreiknaðir eru í stefnu fjárhæðina, verði felldir niður svo og innreiknaðar hækkanir, vegna vísitölu. Verði vaxtakröfur aðaláfrýjenda að einhverju leyti teknar til greina, er þess krafist til vara, að vextir verði lækkaðir í venjulega vexti af innlánsbókum banka og sparisjóða“. Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi gerir þá gagnkröfu til skuldajafnaðar, verði kröfur aðaláfrýjenda að einhverju leyti teknar til greina, að viðurkenndur verði réttur sinn til að skuldajafna þar á móti kröfu á hendur dánarbúi Maríu Bjarnadóttur, að fjárhæð 2.430.000 krónur, auk vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. janúar 1991 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í gagnsök. Ekki er krafist sjálfstæðs dóms í gagnsök, verði gagnáfrýjandi sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjenda.

Fyrir héraðsdómi hafði gagnáfrýjandi uppi sams konar gagnkröfu til skuldajafnaðar og hér fyrir dómi. Héraðsdómara hefur láðst að taka afstöðu til þessarar gagnkröfu í dómi sínum. Verður af þeim sökum ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.